

Ed.

270. Frumvarp til laga

um að stríðsáhættuþóknun sjómanna skuli vera undanþegin skatti.

Flutningsm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Skipverjum á íslenskum skipum skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum alla þá stríðsáhættuþóknun, er þeir njóta samkvæmt gildandi samningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðal sjómanna mun vera allmikil óánægja með það, hversu lág sú stríðs-áhættuþóknun er, sem þeir verða aðnjótandi samkvæmt nýgerðum samningum, og kemur þetta tilfinnanlegast niður á þeim lægst launuðu. -- En hvernig sem menn annars líta á það mál, þá munu þó flestir vera sammála um, að ekki nái nokkurri átt, að álitlegur hluti þessara upphæða verði látinn renna til ríkis og bæjarfélaga með því að skattleggja áhættuþóknunina. Til þess að koma í veg fyrir þetta og tryggja, að öll áhættuþóknunin komi sjómönnum sjálfum til góða, er þetta frumvarp flutt.